

ISSN 1608-3687

Rit Mógilsár Rannsóknastöðvar Skógræktar
Nr. 12
apríl 2002

Blæöspin í Egilsstaðaskógi

Höfundar: Lárus Heiðarsson og Sigurður Blöndal
Netfang: larus.heidarsson@skogur.is

Ritnefnd Rits Mógilsár skipa:
Aðalsteinn Sigurgeirsson
Ólafur Eggertsson
Haukur Ragnarsson

Ritstjóri: Hreinn Óskarsson
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Sigurgeirsson

1 SAMANTEKT

Lárus Heiðarsson og Sigurður Blöndal 2002. Blæöspin í Egilsstaðaskógi. Rit Mógilsár Rannsóknastöðvar Skógræktar nr 12./2002. 27 s.

Árið 1953 fann Ingimar Sveinsson bóndi á Egilsstöðum blæösp (*Populus tremula*, L.) í Egilsstaðaskógi og var það þriðji fundarstaður hennar hér á landi. Í september 2001 og janúar 2002 voru farnar skoðunarferðir í Egilsstaðaskóg til að skoða öspina, en þar er hún hávöxnust og hefur mesta útbreiðslu hér á landi. Farið var á öll þekkt útbreiðslusvæði hennar og útbreiðsla teinungs teiknuð inn á kort. Að auki fundust 2 áður óþekktar græður. Einnig voru talin öll tré sem náð höfðu 4 metra hæð, borkjarnar teknir úr móðurtrjám ásamt hæðar og þvermálmælingum á þeim.

Helstu niðurstöður eru: öspin vex í 13 aðskildum græðum, samanlagt flatarmál 3,5 ha, 253 tré eru yfir 4 m hæð. Hæsta tré er 8,90 metrar og elsta tré sem borað var í er 104 ára.

Lykilorð: Blæösp, græða, Egilsstaðaskógur

2 SUMMARY

Heiðarsson, L. and Blöndal, S. 2002. Trembling aspen (P. Tremula L.) in Egilsstaðir forest. IFRS report, 12/2002. 27 pp.

Trembling aspen, *Populus tremula* L., was found in the woodland at Egilsstaðir in 1953 and was the third area where aspen has been found to occur naturally in Iceland. During September 2001 and January 2002, the authors surveyed the distribution of the aspen in Egilsstaðir Wood, where the tallest naturally occurring aspen are found, and where it has its greatest areal distribution. All the known aspen sites in the woodland were surveyed and the areal distribution mapped, including two newly discovered occurrences. All trees above 4 m in height were measured and registered. Increment cores were taken from the base of the coppice-mother trees and their height and diameter (at breast height) measured.

The main results of the survey are: that aspen occurs on 13 distinct sites, with a total area of 3,5 ha and there are 253 trees taller than 4 m. The tallest tree is 8,9 m and the oldest found was to be 104 years old.

Key words: trembling aspen, stand, Egilsstaðir forest.

EFNISYFIRLIT

1	SAMANTEKT.....	2
2	SUMMARY.....	2
3	INNGANGUR.....	4
4	KÖNNUN HELGA HALLGRÍMSSONAR.....	4
5	SKOÐUN SIGURÐAR BLÖNDALS OG FL. 1994.....	5
6	ASPARSKOÐUN 26. SEPT. 2001.....	5
7	ASPARSKOÐUN 7. OG 8. JANÚAR 2002.....	6
8	INGIMAR SVEINSSON SKÝRIR FRÁ FLEIRI ASPARGRÆÐUM.....	6
9	LEITAÐ AÐ FLEIRI GRÆÐUM 16 JAN. 2002.....	6
10	ASPARGRÆÐUM GEFIN NÚMER.....	7
	10.1 GRÆÐA NR. 1 Í "SVEINSSKÓGI".....	7
	10.2 GRÆÐA NR. 2 Á VESTARI-KROSSÁS.....	7
	10.3 GRÆÐA NR. 3 Á EYSTRI-KROSSÁS VESTANVERÐUM.....	9
	10.4 GRÆÐA NR. 4 INNST Á EYSTRI-KROSSÁS.....	11
	10.5 GRÆÐA NR. 5 AUSTAST Í MIÐ-HRÍSHÓLUM.....	11
	10.6 GRÆÐA NR. 6 AUSTAST Í MIÐ-HRÍSHÓLUM.....	11
	10.7 GRÆÐA NR. 7 Í MIÐ-HRÍSHÓLUM.....	11
	10.8 GRÆÐA NR. 8 Á MIÐ-HRÍSHÓLUM INNAN VIÐ LANDAMERKJAGIRÐINGU.....	12
	10.9 GRÆÐA NR. 9 Í MIÐ-HRÍSHÓLUM Á "TJARNARHOLTÍ".....	16
	10.10 GRÆÐA NR. 10 Í NEÐRI-HRÍSHÓLUM "ASPARHOLT".....	16
	10.11 GRÆÐA NR. 11 Í NEÐRI-HRÍSHÓLUM "ASPARHOLT".....	18
	10.12 GRÆÐA NR. 12 Í NEÐRI-HRÍSHÓLUM "ASPARHOLT".....	21
	10.13 GRÆÐA NR. 13 Í NEÐSTA-HRÍSHÓL.....	21
11	VANGAVELTUR.....	21
12	ÞAKKIR.....	22
13	VIÐAUKI.....	22
14	HELSTU GREINAR OG AÐRAR HEIMILDIR UM BLÆÖSPINA Á ÍSLANDI.....	26

3 INNGANGUR

Öspin fundin

Hinn 11. júlí 1953 fann Ingimar Sveinsson, bóndi á Egilsstöðum, torkennilegt tré í Hríshólum sunnarlega í Egilsstaðaskógi. Ingólfur Davíðsson náttúrufræðingur kom í Egilsstaði síðar um sumarið, var leiddur inn* í Hríshóla, og gat þá staðfest, að hið torkennilega tré væri blæösp (*Populus tremula* L.) (Baldur Þorsteinsson 1954, Ingólfur Davíðsson 1979). Síðast í september 1953 fóru tveir starfsmenn Skógræktar ríkisins á Hallormsstað, Páll Guttormsson og Sigurður Blöndal, í Egilsstaðaskóg til að afla nánari vitneskju um blæöspina. Á þessum dögum var öspin orðin gul, svo að auðvelt var að greina hana frá birkinu. Þeir athuguðu svæði í Mið-Hríshólum, þar sem Ingimar hafði fundið hana 11. júlí. Þeir köstuðu tölu á aspartré og mældu hæð á trjám. Á leiðinni til baka sáu þeir aspir standa upp úr birkiskóginum á Vestari-Krossás, sem er 4-500 m í loftlínu innan við þjóðveginn (Fagradalsbraut). Þarna stóðu nokkur væn aspartré. Skýrsla Sigurðar um þessa ferð hefir ekki fundist, þegar þetta er skrifað (Sigurður Blöndal, munnleg heimild). Baldur Þorsteinsson (l.c**) skrifar m.a.:

“Alls hafa fundist á Egilsstöðum 15 tré, sem eru yfir 3 m á hæð. Meðalhæðin er 4,2 m en stærsta tréð var 4,8 m hátt”. Hér hefir hann stuðst við nefnda skýrslu Sigurðar. Leið nú og beið, án þess að útbreiðsla asparinnar í Egilsstaðaskógi væri könnuð nánar. En margir skógræktarmenn lögðu leið sína á næstu árum á Vestari-Krossás til að skoða aspargræðuna*** þar.

4 Könnun Helga Hallgrímssonar 1990

Helgi Hallgrímsson skoðaði aspirnar á Krossásnum með Sig. Blöndal 26 sept. og fór síðan aftur 28 sept. skv. áskorun Sigurðar og reyndi að gera sér grein fyrir útbreiðslu þeirra í Hríshólum. Áður hafði hann oft skoðað aspirnar í “Asparholti” og “Neðsta-Hríshól”, og tekið rótarskot þar, sem hann flutti upp í Droplaugarstaði í Fljótsdal (Helgi Hall. Munnleg heimild). Hann merkti aspargræðurnar sem þá voru þekktar (um 7 talsins) inn á örnefnakort Egilsstaða og nágrennis. Næstu ár fór Helgi nokkrum sinnum um skóginn og fann þá öspina á 2-3 nýjum stöðum.

* Í málvenju á Fljótsdalshéraði merkir atviksorðið “inn” suður/suðvestur, en “út” norður/norðaustur.

** l.c áður ívitnað

*** Hákon Bjarnason skógræktarstjóri notaði þetta orð í grein um blæösp á Íslandi í Ársriti Skógræktarfélagss Íslands 1983. Þetta er lýsandi orð, sem merkir teig með einu eða fleiri móðurtrjám, sem hafa fætt af sér fjölda teinunga og tré af rötum sínum.

5 Skoðun Sigurðar Blöndals og fl. 1994

Hinn 11. júní 1994 fór Sigurður Blöndal (1994) ásamt 3 nemendum sínum á skógræktarbraut Menntaskólans á Egilsstöðum til þess að skoða nokkrar aspargræður í Egilsstaðaskógi. Mæld var hæð á mestu trjám í hverri græðu og birki höggvið frá stórum aspartrjám, þar sem það var til skaða. Hæsta blæðspin reyndist 8,10 m há.

6 Asparskoðun 26. sept. 2001

Þennan dag var gulnunarstig blæsparinnar hið æskilegasta til þess að sjá græðurnar tilsýndar og teinungana undir birkinu og veður til ljósmyndunar hið besta. Fyrir því ákváðu höfundar þessarar skýrslu að fara í asparskoðun. Auk þeirra réðust til ferðar Gestur Helgason, Guðmundur Bjarnason og Helgi Hallgrímsson. Í þessari ferð voru skoðaðar 7 af þeim 10 græðum, sem Helgi Hallgrímsson merkti á örnefnakortið 1990. Þetta var gert:

- Felld birkitré og –kjarr frá nokkrum stærstu aspartrjámum, einnig til að auðvelda myndatöku.
- Talin tré yfir 4 m hæð (giskað á hæð þeirra, en ekki mæld).
- Mæld nákvæmlega hæð og þvermál í brjósthæð eins til tveggja stærstu trjáanna í hverri þyrpingu*
- Borprufa tekin niðri við jörð á nokkrum stærstu trjámum til þess að kanna aldur þeirra.
- Myndir teknar í flestum græðunum.

Eftir daginn var okkur ljóst, að gera þyrfti betur:

- Skoða allar þekktar græður og þyrpingar innan þeirra. Kannski myndu fleiri græður finnast?
- Mæla nákvæmlega öll tré, sem næðu 4 m hæð.
- Taka borprufur á kerfisbundnari hátt: Af a.m.k. einu móðurtré í hverri þyrpingu.
- Teikna á kort útbreiðslu teinunga í hverri græðu, og fá þannig nokkuð nákvæmt flatarmál af útbreiðslu asparinnar.

Borprufur til aldursákvörðunar voru teknar af einu móðurtré í hverri þyrpingu (tafla 1.) og hæð þess og þvermál í brjósthæð (1,3 m) mælt. Borprufurnar rannsakaði dr. Ólafur Eggertsson á Rannsóknastöð

* “Þyrping” er hér notað um teinungasveim út frá einu eða fleiri móðurtrjám innan “græðu”, sem getur samanstaðið af einni eða fleiri “þyrpingum”.

Skógræktar á Mógilsá (myndir 7 og 8). Lárus teiknaði útbreiðslu teinungs í hverri græðu á örnefnakortið. Það reyndist engum vanda bundið að finna asparteinunginn þótt lauf væri fallið af honum.

7 Asparskoðun 7. og 8. janúar 2002

Hér voru að verki höfundar þessarar skýrslu einir. Þeir skoðuðu nú allar græðurnar, sem Helgi Hall. hafði merkt á örnefnakortið og fundu tvær áður óþekktar græður. Flokkaðar voru sérstakar þyrpingar í hverri græðu. Mæld var hæð á öllum trjám, sem voru 4 m eða hærrí, og þau merkt með gulbrúnum bletti neðarlega á stofni.

8 Ingimar Sveinsson skýrir frá fleiri aspargræðum

Í sambandi við þessa könnun á aspargræðum í Egilsstaðaskógi var haft samband við Ingimar Sveinsson, sem nú býr á Hvanneyri. Hann skýrði þá frá því, að fyrir allmörgum árum hefði hann fundið blæðsp í svonefndum Hálsenda á stað, sem er um 1,2 km í loftlínu suðaustur frá austustu græðunni á Krossásum, skammt utan við Fagradalsbraut, þar sem hún beygir inn á Eyvindarárdal. Hann kvað þessa ösp standa upp úr þéttum birkiskógi. Hann kvaðst hafa reynt að finna hana sumarið 2001, en ekki tekist. Staðurinn var merktur inn á örnefnakortið eftir tilvísun hans. Hann kvaðst einnig hafa fyrir löngu rekist á ösp við Eyvindarárgil, einhvers staðar utan við staðinn í Hálsendanum. Ennfremur kvað hann smávaxna ösp vera í barrskógi, sem faðir hans, Sveinn Jónsson, gróðursetti á árunum 1964-1981 á tveimur ásum rétt innan við vegamót Fagradalsbrautar og Seyðisfjarðarvegjar. Þetta er skammt ofan við efstu húsin í iðnaðarhverfi Egilsstaðabæjar. Ekki er vitað hvort Sveinn flutti og gróðursetti öspina þar eða hvort hún var þar fyrir, sem má telja víst.

9 Leitað að fleiri græðum 16. jan. 2002

Lárus og Sigurður fóru fyrst upp í Hálsenda og leituðu á allstóru svæði, en fundu ekki öspina. Hins vegar fundu þeir mikið reynitré, sem Ingimar hafði nefnt, að væri þarna. Tréð er tvístofna frá rót, en annar stofninn (sá grennri) er fallinn, krónan mikil um sig. Hæðin um 6,5 m og þvermál stofnsins, sem stendur, 29 cm í brjósthæð. Fyrir því er þetta reynitré gert hér að umtalsefni, að frá því verður hægt að miða nýja leit að aspargræðunni í Hálsenda. Ef ókleyft reynist að finna hana í vetur, verður það örugglega hægt haustið 2002 í haustlitunum og kannski finnast þá fleiri aspargræður í útskóginum. Að þessu loknu var farið í "Sveinsskóg", sem fyrr var nefndur.

Auðvelt var að leita skipulega í þessum teig, þar eð reglulegar trjáraðir liggja út og fram eftir ásnum. Fannst fljótt lítil aspargræða innarlega á þessum ás.

10 Aspargræðunum gefin númer

Þetta auðveldar alla umfjöllun um græðurnar. Hentugast var að telja þær frá Fagradalsbraut að utan og inn eftir skóginum. Ef undan er skilin græða nr. 1 í “Sveinsskógi”, eru þær á tveimur aðskildum svæðum: Hið ytra er á Krossásum inn og upp af Seyðisfjarðarvegamótum, hið innra í Hríshólum, sem er hóla- eða ásaþyrping á landamerkjum Egilsstaða og Kollsstaða. Liggur landamerkjagirðingin yfir hólana. Hér á eftir fer stutt lýsing á hverri hinna 13 græða, sem enn hafa fundist. Tölulegar niðurstöður eru dregnar saman í töflu 1 í lokin. Úrtakstré eru þau nefnd, sem borað var í til að greina aldur.

10.1 Græða nr. 1 í “Sveinsskógi”


- Flatarmál 0,058 ha.
- Ekkert tré hærra en 4 m.
- Hæsta tré 2,50 m og 3 cm í þvermál.

Þessi græða er innarlega á neðri ásnum í ungskógi af greni. Tvö móðurtré eru í græðunni um 2,5 m há hvort um sig og 3 cm í þvermál. Hæðarvöxtur er lítill, enda er krónan ekki ydd. Grenitrén eru lágvaxin miðað við aldur, sem er órækt vitni um að, þarna sé jarðgrunnt og þurrt. Teinungar eru fáir og stuttir. Borprufa var ekki tekin.

10.2 Græða nr. 2 á Vestari-Krossás

- Flatarmál 0,839 ha.
- 35 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 6,64 m og 14,6 cm í þvermál.
- Aldur prufutrés 73 ár.

Þetta er stærsta aspargræðan í skóginum. Vex á ás, sem hallar til suðvesturs. Yst eru berar klappir, og næst þeim er mjög jarðgrunnt, en jarðvegur dýpkar í suðurátt og austan við há-ásinn. Mýrarsund og tún afmarka ásinn framantil að austan og að sunnan, en brattir klettur að norðvestan. Birkiskógurinn markast af þessum aðstæðum: Lágur og kræklióttur yst í græðunni, en hækkar til suðurs með dýpkandi jarðvegi. Og öspin raunar líka. Asparteinungurinn er yfirleitt kýttur og lágvaxinn, einkum



Mynd 1. Græða 2 á Vestari-Krossás, þyrping B. /Fig 1. Stand 2 on Vestari-Krossás, group B.

yst, þar sem hann stöðvast við bera klöpp, en er hávaxnari til suðurs, en líka kýttur þar, vafalaust af snjóþyngslum. Raunar geldur teinungurinn þess, að standa undir þéttum birkiskógi víðast í græðunni, en blæösp er ljóselsk trjátegund. Minnt skal á, að blæösp kýs djúpan og rakan jarðveg til góðs vaxtar og er því varla von, að hún vaxi hratt, né verði hávaxin á þessum ás, þar sem jarðvegur er grynstur.

Í þessari græðu má greina tvær þyrpingar.

Þyrping A:

Hér eru fleiri tré yfir 4 m hæð er í nokkurri annarri þyrpingu, 30 talsins. Eitt stakt móðurtré er í ofurlitlum slakka austan í ásnum. Það er fyrsta móðurtréð, sem komið er að frá mjóa túninu milli Austari- og Vestari-Krossás. Það er hæsta tréð í allri græðunni. Uppi á ásnum eru nokkur gömul tré í allþéttum hópi. Þau hafa mest verið ljósmynduð allra blæaspa í skóginum. Hér mældu Páll Guttormsson og Sigurður Blöndal hæsta tréð 1953, 4,80 m. Það mældist nú 6,37 m, svo að ekki hefir það hækkað mikið á 49 árum. Þvermál þess er 19,5 cm. Í júní 1994 kom Sigurður í þessa græðu, og voru þá toppar elstu trjána kalnir. Þessi tré standa hátt yfir lágvaxinn birkiskóginn og eru því mjög áveðurs. Fyrir bragðið eru krónur þeirra kollóttar.

Þyrping B:

Er vestast á Vestari-Krossás. 5 stór tré eru í þessari þyrpingu. Tvö væn móðurtré standa saman, annað með nokkuð yddri krónu, þ.e. í þokkalegum vexti (Mynd 1/Fig 1). Hæð 6,60 m og þvermál 18,8 cm. Stakt tré vænt er yst í þessari þyrpingu. Þessi þrjú ná hátt yfir birkikjarrið.

10.3 Græða nr. 3 á Eystri-Krossás vestanverðum

- Flatarmál 0,211 ha.
- 17 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 6,50 m og 11,0 cm í þvermál.
- Aldur prufutrés 68 ár.

Flest trén eru beinvaxin í góðum vexti (króna vel ydd), og teinungurinn líka beinvaxinn, enda vænni birkiskógur en á vestari ásnum, svo að snjór helst hér jafnfallinn (Mynd 2/Fig. 2).



Mynd 2. Græða nr. 3 á Eystri-Krossás vestanverðum/Fig 2. Stand 3 on Eystri-Krossás.

10.4 Græða nr. 4 innst á Eystri-Krossás

- Flatarmál 0,131 ha.
- 10 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 6,0 m og 10,5 cm í þvermál.

Hún er við jaðarinn á ysta túninu, sem er næst Eystri-Krossás. Móðurtrén eru gömul (dæmt eftir berkinum) og hlykkjótt, 3 í þyrpingu. En hæsta tréð er yngra.

10.5 Græða nr. 5 austast í Mið-Hríshólum

- Flatarmál 0,078 ha.
- 19 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 6,0 m og 10,5 cm í þvermál.
- Aldur prufutrés 63 ár.

Græðan er á skurðbakka við jaðar á því túni, sem nær lengst inneftir af þeim öllum. Hún hefir ekki fundist fyrr. Þetta eru bein og falleg tré, einnig teinungurinn er beinvaxinn. Birkiskógurinn á þessu holti er óvenjulega beinvaxinn og vænn.

10.6 Græða nr. 6 austast í Mið-Hríshólum

- Flatarmál 0,410 ha.
- 18 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 6,50 m og 14,0 cm í þvermál.
- Aldur prufutrés 56 ár.

Græðan er innar við sama skurð og nr. 5, einnig í skógarjaðri. Trén eru bein og falleg. Báðar græðurnar nr. 5 og 6 vaxa í djúpum jarðvegi.

10.7 Græða nr. 7 í Mið-Hríshólum

- Flatarmál 0,083 ha.
- 23 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 7,0 m og 15,8 cm í þvermál.
- Aldur prufutrés 65 ár.

Þessi græða er í lægð austan við hæsta Hríshól. Um 40 m eru austur í nr. 6. Langflest af trjánnum hér eru 4-5 m há. Auk hæsta trésins er aðeins eitt 6,5 m. Bendir til, að þessi græða í heild sé ung.

10.8 Græða nr. 8 í Mið-Hríshólum innan við landamerkjagirðingu

- Flatarmál 0,661 ha.
- 10 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 7,50 m og 12,7 cm í þvermál.
- Aldur prufutrjáa 89, 71, 53, 30 og 73 ár.

Hér eru þrjár þyrpingar, allar austan í hólnum.

Þyrping A:


Er yst, alveg við landamerkjagirðinguna milli Egilsstaða og Kollsstaða. 10 tré yfir 4 m hæð eru í þessari þyrpingu. Krónan á prufutrénu er orðin nokkuð kollótt, enda var það aðeins 4,5 m hátt, en 89 ára gamalt. En eitt tré í þessari þyrpingu var mjög fallett með yddri krónu.

Þyrping B:


Er í miðju hinna þriggja. Hún teygir sig niður bratta brekku, sem nær að mjóu mýrarsundi. Hér voru valin 3 prufutré (sjá töflu 2). Í þessari þyrpingu sáust veðurskemmdir á suðurhlið teinungsins, en suðaustan veður geta verið mjög hvöss í Egilsstaðaskógi.

Þyrping C:

Er innst. Aðeins 5 tré yfir 4 m hæð. Þau eru öll gömul. Mjög mikið af nýgræðingi, en vantar "millikynslóðina" af rötarskotum. Í þessari þyrpingu er hæsta tré græðunnar. Við köllum það "Ingimarstréð", af því að það er tréð, sem Ingimar Sveinsson fann 1953 (Mynd 3/Fig. 3). Hákon Bjarnason tók mynd af því þetta sumar og stendur Ingimar hjá því. Myndin er í grein Baldurs Þorsteinssonar í Ársriti Skf. Íslands 1954, bls. 29. Tréð er auðþekkt á hlykk á bolnum um 80 cm frá jörðu. Miðað við hæð Ingimars hefir tréð þá verið um 4 m hátt. Nú er það 7,5 m, hefir hækkað um 3,5 m á 49 árum, eða 7,2 cm á ári að meðaltali. Enn er tréð í þokkalegum vexti, því að krónan er enn vel ydd. Hinn 26. sept. 2001 var þetta tré orðið lauflost. Í þessari þyrpingu eru þrjár stórar og fallegar breiður af eini (*Juniperus communis* L.) milli gömlu asparttrjáanna.



Mynd 3. Græða nr. 8 í Mið-Hríshólum, þyrping C. "Ingimarstréð"/
Fig. 3. Stand 8 on Mið-Hríshólum, group C. "Ingimarstréð".



10.9 Græða nr. 9 í Mið-Hríshólum á “Tjarnarholti”

- Flatarmál 0,111 ha.
- 17 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 7,0 m og 14,6 cm í þvermál.
- Aldur prufutrés 27 ár.

Græðan er skammt utan við landamerkjagirðingu Egilsstaða og Kollsstaða. Hún vex á “Tjarnarholti” (Helgi Hall.), utan við aðalhólaþyrpinguna (Mið-Hríshóla), en verður þó að teljast til þeirra. Hér vex vænn birkiskógur. Trén eru öll mjög beinvaxin. Jarðvegisdýpt er >80 cm, svo að hér eru góð vaxtarskilyrði fyrir öspina.

10.10 Græða nr. 10 í Neðri-Hríshólum, “Asparholt”

- Flatarmál 0,305 ha.
- 41 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 8,90 m og 23,5 cm í þvermál.
- Aldur prufutrjáa 63 og 64 ár.

Þessi græða er á NA-enda “Asparholts”, sem Helgi Hallgrímsson nefndi svo 1990. Hér eru tvær þyrpingar.


Þyrping A:

Er á lágu holti (nær raunar alveg upp á það) í skógarjaðri fast við gamalt tún sem ekki er lengur slegið. Þétt gulvíðikjarr bryddaði skógarjaðarinn þarna ásamt nokkrum birkitrjám. Hvort tveggja varð að fella til þess að ná góðri mynd af þyrpingunni með hæsta trénu, sem er þarna. Hér eru 20 tré yfir 4 m. Meðalhæð þeirra er 5,70 m. Þau standa nánast eins og í röð eftir skógarjaðrinum og virðast öll sprottin upp af einu móðurtré, sem er miklu mest og hæsta sjálfgróna blæösp landsins (Mynd 4/Fig 4). Hæð 8,90 og þvermál 23,5 cm. Þessi ösp var 8,10 m vorið 1994. Í þessari þyrpingu eru 10 tré yfir 7 m hæð, og af þeim 3 yfir 8 m. Þetta skýrist sjálfsagt ekki síst af því, að þarna er djúpur jarðvegur og rakaskilyrði ágæt, auk hugsanlegra áburðaráhrifa frá túninu.

Þyrping B:

Er vestan í ásnum í samfelldum birkiskógi. 21 tré yfir 4 m, meðalhæð 4,8 m. Móðurtréð er 7,5 m og þvermál 18,2 cm.

Mynd 4. Græða nr. 10 í Neðri-Hríshólum, “Asparholt”, þyrping A.



Hæsta náttúrulega blæspartré á Íslandi, 8,90 m /Fig. 4. Stand 10 in Neðri-Hríshólum, group A. Highest trembling aspen in Egilsstaðir forest 8,90 m.

10.11 Græða nr. 11 í Neðri-Hríshólum, “Asparholt”

- Flatarmál 0,396 ha.
- 30 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 8,40 m og 14,2 cm í þvermál.
- Aldur profutrjáa 65 og 98 ár.

Þessi græða er vestan í háum ás, hinum vestasta í Mið-Hríshólum. Þarna er allbrött hlíð, og ná tvær af þremur þyrpingum græðunnar hérumbil niður að mýrarfláka vestan við Hólana. Vænn birkiskógur vex í þessari hlíð, og hafa aspírnar þurft að þrengja sér upp í gegnum hann.

Þyrping A:

Er yst í græðunni. 10 tré yfir 4 m. Móðurtréð er með mjög breiðri krónu, sem er orðin kollótt, en yngri tré flest með yddri krónu. Móðurtréð er 7,68 m hátt og 18,3 cm í þvermál, 65 ára gamalt. Neðst í þyrpingunni er yngra tré beinvaxið og formfagurt, sem er 7,76 m hátt og 12,7 cm í þvermál (Mynd 5/Fig 5).

Þyrping B:

Er nokkru innar, aðeins 2 tré yfir 4 m. Móðurtréð er um 6,5 m hátt og mjög hlykkjótt, sem bendir til, að það hafi þurft að spinna sig upp í gegnum þéttan birkiskóg. Ekki var tekin borprufa af því.

Þyrping C:

Er af þeim þremur innst í hlíðinni. Hér eru flest stór tré (7-8 m) í einni einstakri espiþyrpingu í Egilsstaðaskógi, 14 alls, minni tré 4 yfir 4 m. Samtals 18 tré í þyrpingunni yfir 4 m. Yngri teinungur er hér þéttari, beinvaxnari og hávaxnari (allt að 4 m hæð) en í nokkurri espiþyrpingu í skóginum. Tvö móðurtré eru í þyrpingunni. Annað er 7,70 m hátt og 18,7 cm í þvermál. Hitt er 7,50 m hátt og 20,4 cm í þvermál með geysimikilli og breiðri krónu. Í þessari þyrpingu vex fegursta espitréð í skóginum, teinrétt og með æskilegustu krónustærð. Það er 8,40 m hátt og 14,2 cm í þvermál (Mynd 6/Fig. 6). Hávaxinn birkiskógur er þarna neðst í hlíðinni, sem er órækt merki um mjög góð jarðvegsskilyrði.



Mynd 5. Græða nr. 11 í Neðri-Hríshólum, "Asparholt", þyrping A. Á myndinni eru frá vinstri: Guðmundur Bjarnason, Helgi Hallgrímsson, Lárus Heiðarsson og Gestur Helgason/*Fig 5. Stand 11 in Neðri-Hríshólum "Asparholt", group A. On the photo from left: Guðmundur Bjarnason, Helgi Hallgrímsson, Lárus Heiðarsson and Gestur Helgason.*



Mynd 6. Græða nr. 11 í Neðri-Hríshólum, "Asparholt", þyrping C. Fegursta blæaspartréð í Egilsstaðaskógi, 8,40 m hátt/Fig. 6. Stand 11 in Neðri-Hríshólum, "Asparholt" group C. Height 8,40 m.

10.12 Græða nr. 12 í Neðri-Hríshólum, “Asparholt”

- Flatarmál 0,122 ha.
- 10 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 8,0 m og 17,5 cm í þvermál.
- Aldur prufutrés 104 ár.

Þessi græða er sunnarlega á “Asparholti” og vex á brún brattrar brekku, sem nær niður að mýrarfláka. Hér er aðeins um eina þyrpingu að ræða. Þrjú stærstu trén standa þétt í röð með um 1 m bili. Í þessari græðu er elsta öspin, sem fundist hefir. Móðurtréð er í miðju, mjög mikilfenglegt með breiðri, en nokkuð flatri krónu. Það er jafnframt hið hæsta í græðunni. Mikið er af háum og beinum teinungi. Í brekkunni neðan við græðuna er stórvaxinn og tiltölulega beinvaxinn birkiskógur. Einstöku birkitré þar eru hin hávöxnustu, sem sáust í leiðangrinum.

10.13 Græða nr. 13 í Neðsta-Hríshól

- Flatarmál 0,103 ha.
- 7 tré yfir 4 m hæð.
- Hæsta tré 8,0 m og 23,6 cm í þvermál.
- Aldur prufutrés 43 ár.

Þessi græða takmarkast að austan og sunnan af skurði, sem grafinn hefir verið ofan við holtið, sem hún stendur á, og vaxa allmargir, vænir espiteinungar upp úr uppmokstrinum úr skurðinum, sem var grafinn um 1960 og í hliðum hans. Móðurtréð er miklu mest, hið gildasta af öllum mældum espitrjám. Munar þó ekki nema 0,1 cm á því og hæsta espitré skógarins í græðu nr. 10. Það er með geysimikla og marggreinda krónu. Ekkert hinna trjáanna í græðunni er yfir 5 m hátt. Þessi græða sker sig algerlega frá öllum hinum í því, að 26. sept. 2001 voru lauf á henni græn, ekki vottur af gulnun. Í öllum hinum græðunum (sem skoðaðar voru 26. sept.) voru lauf gul, og nokkur tré höfðu fellt lafið.

11 Vangaveltur

Eitt það athyglisverðasta sem kom út úr þessari könnun er hin háí aldur eins móðurtrésins í græðu númer 12. Áhugavert væri að kanna hvort hin tvö móðurtrén í græðunni væru jafn gömul eða hvort þau væru hugsanlega eldri. Vegna þess að ekki var hægt að taka borsýni alveg niður við jörð er elsta tréð sem borað var í eitthvað eldra en 104 ár. Öspin hefur einnig verið höggvin til eldiviðar/kolagerðar og bitin af sauðfé eins og annar skógur, má því reikna með að blæösp hafi verið í Egilsstaðaskógi í a.m.k. hundruð ára.

Hin mikla útbreiðsla bendir einnig til þess að öspin sé mjög gömul í Egilsstaðaskógi. Einnig er athyglisverður misjafn gulnunartími aspargræðanna. Samkvæmt Sigurðsson et.al (1995) var stikklingum safnað úr öllum þekktum græðum í Egilsstaðaskógi og var niðurstaðan úr því að aðeins einn klónn væri þar. Annar möguleiki er að umhverfisþættir ráði því að öspin í græðu 13 gulni síðar (Helgi Hall. Munnleg heimild) en hluti græðunnar er í tiltölulega röku landi. Ekki er vitað til þess að blæöspin í Egilsstaðaskógi hafi blómgast, og einungis er vitað um tvö slík tilfelli hér á landi. Þau eru á Hallbjarnarstöðum í Reykjadal 1956 og á Akureyri á áttunda áratugnum (Björn Teitsson og Jóhann Pálsson, munnlegar heimildir). Útbreiðslusvæði blæaspar í Skandinavíu er við nyrstu skógarmörk og samkvæmt heimildum frá Noregi blómgast hún reglulega á öllu útbreiðslusvæðinu, er þess vegna erfitt að skilja hvers vegna hún gerir það svo sjaldan hérna. Reyndar er ekki loku fyrir það skotið að hún hafi blómgast í Egilsstaðaskógi án þess að nokkur hafi tekið eftir því. Eins og sést á flatarmálstölunum er útbreiðsla asparinnar orðin töluverð og mikið af teinungi er í flestöllum græðunum. Það sem hindrar útbreiðslu hennar eru mýrarsund á milli ásanna sem hún vex á og klettur. Á þeim stöðum sem öspin vex núna á má búast við að í framtíðinni verði þar áfram blandskógur af blæösp og birki. Eins og sést á vaxtartölunum í töflu 1 er vöxturinn lítill, þannig að notkun blæaspar til nytja er lítill. En aftur á móti getur hún sett skemmtilegan svip á skóga framtíðar með fallegum haustlitum, og líka litartón frábrugðnum birkisins yfir hásumarið.

12 Þakkir


Við viljum þakka öllum þeim sem aðstoðuðu okkur við þessa athugun. Helgi Hallgrímsson og Þröstur Eysteinnsson lásu handritið yfir og komu með nokkrar athugasemdir sem teknar voru til greina. Þórnari Benedikz þökkum við fyrir að snara samantektinni á ensku.

Myndirnar tók Sigurður Blöndal 26. september 2001.


13 Viðauki

Selja (*Salix caprea* L.) fundin í Egilsstaðaskógi

Í leiðangrinum 26. sept. 2001 fannst sjálfgróið tré af selju í "Tjarnarholti". Hún stendur skammt austan við skurð, sem nær út í tjörnina. Er í þéttum birkiskógi, sem líklega er vaxinn upp eftir framræsluna. Seljan stendur upp úr birkiskóginum og er 7,90 m há. Hún er einstofna með mikilli krónu, sem ekki var farin að gulna. Þetta er langhæsta seljan, sem nú vex í Egilsstaðalandi, en þær eru margar við gamla flugvöllinn og meðfram þjóðveginum á Egilsstaðanesi og innan við tjaldstæði Kaupfélagsins. Einnig eru seljutré skammt frá Hótel Valaskjálfi meðfram einni götunni. Í leiðangrinum 7. jan. 2002 fannst önnur selja, um 4 m há, á skurðbakka um 140 m beint í norður frá hinni fyrrnefndu. Allar þessar seljur hljóta að vera afkvæmi seljuhjónanna, sem forðum stóðu í trjágarðinum á Egilsstöðum 1.



Mynd 7. Mynd af borkjarnanum úr elsta móður trénu Ólafur Eggertsson 2002/ Fig 7. Photo of the core taken from the base of the oldest tree Ólafur Eggertsson 2002.



Mynd 8. Meðal árlegur þvermálsvöxtur Ólafur Eggertsson 2002/ Fig 8. Mean annual diameter increment Ólafur Eggertsson 2002.

Græða Nr.	Flatar- mál ha	Fjöldi trjáa yfir 4m	Hæsta tré í græðu m	Þvermál cm	Úrtakstré		
					Hæð M	Þvermál cm	Aldur ár
1	0,058	0	2,50	3,0	-	-	-
2	0,839	-	-	-	-	-	-
2A	-	30	6,64	14,6	6,37	19,5	73
2B	-	5	6,60	18,8	6,60	18,8	-
3	0,313	17	6,50	11,0	6,50	11,0	68
4	0,078	10	6,00	10,5	5,51	15,6	-
5	0,410	19	6,00	10,5	6,00	10,5	63
6	0,083	18	6,50	14,0	6,50	14,0	56
7	0,083	23	7,00	15,8	7,00	15,8	65
8	0,661	-	-	-	-	-	-
8A	-	10	5,50	10,2	4,50	13,1	89
8B	-	11	6,51	16,8	6,51	16,8	71
8C	-	5	7,50	12,7	7,50	12,7	73
9	0,111	17	7,00	14,6	7,00	14,6	27
10	0,305	-	-	-	-	-	-
10A	-	20	8,90	23,5	8,90	23,5	63
10B	-	21	7,50	18,2	7,50	18,2	64
11	0,396	-	-	-	-	-	-
11A	-	10	7,76	12,7	7,68	18,5	65
11B	-	2	6,50	-	-	-	-
11C	-	18	8,40	14,2	7,50	20,4	98
12	0,122	10	8,00	17,5	8,00	17,5	104
13	0,103	7	8,00	23,6	8,00	23,6	43
Alls	3,56	253					

Tafla 1. Tölulegar upplýsingar úr könnuninni/ *Table 1. Numerical information from the survey.*

14 Helstu greinar og aðrar heimildir um blæösp á Ísland

- 1912 A.F. Kofoed-Hansen. Skov- og sandflugssagan paa Island 1907-1912. Tidsskrift för skovvæsen, bls. 125-126.
- 1914 Stefán Stefánsson. Öspin í Fnjóskadalnum. Afmælisrit Hins íslenska náttúrufræðifélags, bls. 71-83.
- 1948 Einar E. Sæmundsen. Blæösp fundin á Austurlandi. Ársrit Skógræktarfélag Íslands, bls. 123-124.
- 1948 Ingólfur Davíðsson. Ösp og rós fundnar við Fáskrúðsfjörð. Náttúrufræðingurinn 18(4), bls. 159-164.
- 1953 Ingólfur Davíðsson. Íslensk ösp fundin á nýjum stað. Tíminn 13. des (endurbirt í Glettingi 9(2) 1999).
- 1954 Baldur Þorsteinsson. Nýir asparfundir. Ársrit Skógræktarfélag Íslands, bls. 27-29.
- 1957 Ingólfur Davíðsson. Blæöspin í Breiðdal. Náttúrufræðingurinn. 27(1), bls. 35-37.
- 1969 Hjörleifur Guttormsson. Flórurannsóknir á Austurlandi. Náttúrufræðingurinn. 4. hefti, 165-166.
- 1979 Ingólfur Davíðsson. Blæösp á Íslandi. Náttúrufræðingurinn. 49(4), bls. 289-297.
- 1983 Hákon Bjarnason. Fáein orð um blæösp á Íslandi. Ársrit Skógræktarfélag Íslands, bls. 46-48.
- 1986 Steindór Steindórsson frá Hlöðum. Garðsöspin í Fnjóskadal. Heima er best. 36(12), bls. 431-434.
- 1990 Helgi Hallgrímsson. Ferðadagbók, handrit.
- 1994 Sigurður Blöndal. Ferðadagbók, handrit.
- 1994 Þórarinn Benedikz. Hugleiðingar um blæösp vegna hins nýja fundarstaðar hennar. Skógræktarritið, bls. 78-88.

- 1995 Vignir Sigurðsson, Aðalsteinn Sigugeirsson, Kesara Anamthawat-Jónsson. Identification of clones of the indigenous Icelandic *Populus tremula* and introduced *P. trichocarpa* by RAPD techniques. Búvísindi 9/95, bls. 145-152.
- 2000 Sigurður Blöndal. Blæðspin á Hofi í Vatnsdal. Skógræktarritið, bls. 56-57.
- 2002 Helgi Hallgrímsson. Munnleg heimild.

